Vegna: Máls nr. 0580/2024, Kársnes Þróunarsvæði. Rammahluti aðalskipulags. (Kynning tillögu á vinnslustigi)

Athugasemd:

Kársnesið er ein helsta náttúruperla höfuðborgarsvæðisins. Svæðið er opið, bjartar og fallegar gönguleiðir og mikið fuglalíf t.d. æðarfugl. Það er jákvætt að fegra svæðið og stuðla að hóflegri byggingu íbúða, atvinnulífs og samgangna. Hins vegar er afar mikilvægt að ekki verða hér skipulagsslys á ábyrgð Kópavogsbæjar. Einkum vil ég vísa til mikilvægis þess að forðast mikið byggingarmagn. Mikilvægt er að forðast að byggingarverktakar byggi alveg að lóðarmörkum háa klumpa, líkt og gerðist með "Græna gímaldið" í Mjódd og á Valssvæðinu nýlega sem veldur miklu skuggavarpi á almenningssvæði/stíga og sviptivindum. Miklvægt er að leggja áherslu á að almenningur hafi aðgang að friðsæld sjávarsíðunnar. Göngu/hjólastígar við sjóinn eiga að vera rólegir stígar sem ekki eru tvöfaldar hraðbrautir með slysahættu. Miðlægir hjólastígar á Kársnesi t.d. við Kópavogsbraut/Kársnesbraut væru gagnlegri fyrir íbúa Kársness t.d. ef litið er til aðgengis milli skóla og frístunda og annarrar þjónustu. Tengistígar við önnur sveitarfélög ættu frekar heima um Kópavogsháls.

Höfundur: Ingibjörg Jóna Guðmundsdóttir/ingibjorg.gudmunds@gmail.com

Sent inn þann: 16.02.2025 , **Fyrir hönd:**

Skjal sótt af '0000000000' dags: 10.11 2026